

Kópavogi, 2. september 2019.

Ágæti skólustjóri.

Við minnum á nokkur atriði vegna samræmdra könnunarprófa.

Skráningum í stuðningsúrræði og undanþágur lýkur eftir þrjá daga

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda í Skólagátt fyrir miðnætti **fimmtudaginn 5. september**. Við minnum á mikilvægi þess að virða tímamörk.¹

Umsjónarkennarar eru beðnir um að yfirfara sína bekki í Skólagátt og fara yfir skráningu á sínum nemendum. Þar geta þeir athugað hvort allir nemendur séu skráðir og hvort skráningar séu réttar (þarf að smella á hvern nemanda fyrir sig í Skólagátt).

Við hvetjum skóla til að fara vel yfir bekkjar- og kennaralista í Skólagáttinni, eyða aðgangi kennara sem eru hættir sem og skrá nýja nemendur í bekki. Ýmsar leiðbeiningar um skráningar í Skólagátt er að finna [hér](#).

Fyrirspurnatímar (fjarfundir) verða haldnir vikulega fram að prófum. Tímasetning næstu

funda: Miðvikudaginn 4. september, kl. 14:30
Miðvikudaginn 11. september, kl. 14:30
Mánudaginn 16. september, kl. 14:30

Við hvetjum starfsfólk skóla sem kemur að undirbúningi og fyrirlögn prófanna til að taka þátt í fundunum. Þeir sem vilja taka þátt eru beðnir um að senda tölvupóst á kynningarmal@mms.is.

Á vef Menntamálastofnunar má finna [leiðbeiningar um framkvæmd](#) en þar er meðal annars [viðbragðsáætlun stofnunarinnar](#) og [gátlisti skóla](#). Kynningarpróf eru aðgengileg á vef stofnunarinnar. Þau eru í fullri lengd og eru hugsuð fyrir nemendur og foreldra til að skoða og æfa sig á prófakerfinu. Á vefnum eru einnig bréf til nemenda og forráðamanna.

Við hvetjum ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna. Sími Menntamálastofnunar er **514-7500** og netfang prófahópsins er prof@mms.is

Til þeirra sem ætla að nota **Apple spjalddölvur (i-Pada) í prófunum**. Apple hyggst bjóða upp á uppfærslu í nýtt stýrikerfi rétt fyrir prófin. Skólar eru hvattir til að fresta þessari uppfærslu í nýtt stýrikerfi þangað til eftir prófin, þar sem nýja stýrikerfið hefur ekki farið í prófanir og virkni þess metin.

Með góðri kveðju,

Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.

¹ Við á Menntamálastofnun viljum vera sveigjanleg með skráningu en þurfum að setja loka skráningardag í samræmi við reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa. a) Við þurfum að fá svigrúm til að undirbúa prófkóða, þ.e. búa til sér prófkóða fyrir þá sem þurfa stuðningsúrræði. b) Það þarf að stilla Skólagátt og prófkóða prófakerfis saman. c) Skólar þurfa að fá prófkóða tímanlega svo þeir geti verið búnir að prenta þá út fyrir prófdagana. d) Fara þarf eftir stjórnáætlunum og gæta jafnræðis gagnvart skráningu og úrvinnslu (ekki mismuna nemendum/skólum). e) Við viljum minnka líkur á mistökum og hættu á að eitthvað fari úrskeiðs (t.d. að nemandi hafi sótt um stuðningsúrræði en fái ekki þannig próf á prófdegi).